

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. maí 2020

18. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi	
 TAGHeuer	 LONGINES			MICHELSEN 1909
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT			

Starfslok stjórnenda kosta Haga yfir 300 milljónir
Parf að gjaldfæra hjá sér háa fjárhæð við starfslok æðstu stjórnenda. Framkvæmdastjóri Bónuss með þriggja ára uppsagnarfrest.

2

Icelandair nái ekki sama farþegafjölda fyrr en 2024
Áætlanir forsvarsmanna Icelandair Group miða við að farþegafjöldi félagsins verði ekki sá sami og í fyrra fyrr en eftir fjögur ár.

4

Vilja ekki vera of háð Huawei
Stjórnvöld fylgja fordæmi Evrópuríkja í afstöðu til búnaðar Huawei. Ákvarðanir ráðuneyta undanþegnar stjórnsýslureglum.

6

Hagnaður hjá Póstinum eftir taprekstur í mörg ár
Pósturinn hagnaðist um 47 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Greiddi niður 1,5 milljarða króna af vaxtaberandi skuldum.

10

Krónan virkar vel
Krónan veitir peningastefnunni svigrúm til neikvæðra raunvaxta meðan heimili og fyrirtæki ná kröftum sínum, segir forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter.

14

Baráttan upp á líf og dauða

Flugfélög hafa aldrei staðið frammi fyrir eins alvarlegri kreppu og nú. Jafnvel þótt fluggeiranum takist að rétta aftur úr kútnum í kjölfar kórónafaraldursins telja stjórnendur og greinendur víst að hann verði ekki samur. ➔ 8-9

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Samtök iðnaðarins högnuðust um milljarð

Samtök iðnaðarins (SI) skiluðu rúmlega 940 milljóna króna hagnaði í fyrra borið saman við 64 milljóna hagnað á árinu 2018. Hagnaðurinn næstum fimmtánfaldadist því á milli ára en þar munaði mestu um að ávöxtun fjáreigna var sú besta í sögu samtakanna, að sögn Sigurðar Hannessonar, framkvæmdastjóra SI. Þannig námu fjármunatekjur á síðasta ári samtals 1.131 milljón króna og jukust um meira en 800 milljónir frá fyrra ári.

Verðbréfaeign SI nam rúmlega 5,6 milljörðum króna í árslok 2019 borið saman við tæplega 4,4 milljarða árið áður. Akkur SI, dótturfélag Samtaka iðnaðarins, heldur utan um þær eignir samtakanna. Sigurður segir í samtali við Markaðinn að eignasafn Akks sé vel dreift í innlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum og að félagið eigi hlut í mörgum skráðum félögum á Íslandi.

Heildartekjur SI námu riflega 420 milljónum króna í fyrra. Þær samanstóðu fyrst og fremst af tekjum árgjalda aðildarféлага, eða 396 milljónir, og jukust um 45 milljónir króna á milli ára. Að sögn Sigurðar var ákveðið á aðalfundi samtakanna í liðinni viku að veita aðildarfélagum SI afslátt af þeim gjöldum vegna erfiðleikanna sem nú blasa við í íslensku efnahagslífi.

Rekstrargjöld samtakanna dróguust saman um liðlega 40 milljónir á síðasta ári og námu samtals 611 milljónum. Sigurður segir að sú lækking sé til marks um að þær hagræðingaraðgerðir sem gripið var til árið 2017 hafi skilað sér að fullu. Stærsti útgjaldaliður samtakanna eru laun og launatengd gjöld en þau



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

5,6

milljarðar króna var verðbréfaeign Samtaka iðnaðarins í árslok 2019.

voru um 292 milljónir á árinu 2019 og stóðu nánast í stað á milli ára. Samtals voru 17 stöðugildi hjá samtökunum í lok síðasta árs.

Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marel, var kjörinn nýr formaður Samtaka iðnaðarins á aðalfundi í síðustu viku með rúmlega 71 prósentu greiddra atkvæða. Árni, sem var áður varaformaður SI, tekur við formennskunni af Guðrúnu Hafstein. – hae



Finnur Árnason hefur verið forstjóri Haga frá árinu 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Starfslokin kosta Haga vel yfir 300 milljónir

Framkvæmdastjóri Bónuss með þriggja ára uppsagnarfrest en forstjóri Haga með eins árs. Ágreiningur um breytingar á launakjörum ekki ástæða starfsloka en sumir hluthafar hafa viljað skipta um forstjóra í nokkurn tíma.

Smásöluhluturinn Hagar mun þurfa að gjaldfæra hjá sér yfir 300 milljóna króna einskjaskostnað vegna starfsloka Finns Árnasonar forstjóra og Guðmundar Marteinssonar, framkvæmdastjóra Bónuss, en tilkynnt var í síðustu viku að þeir hefðu óskað eftir að láta af störfum hjá félaginu. Guðmundur, sem hefur starfað hjá Bónus í nærri þrjú áratugi, er með þriggja ára uppsagnarfrest samkvæmt starfssamningi sínum en uppsagnarfrestur Finns, sem hefur verið forstjóri Haga frá 2005, er hins vegar eitt ár, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Finnur hefur verið einn launahæsti forstjórinn í Kauphöllinni undanfarin ár og námu laun og hlunnindi hans á síðasta rekstrarári, sem lauk í febrúar í fyrra, samtals 72,7 milljónum, eða riflega sex milljónum á mánuði. Þá var Guðmundur með um fimm milljónir í laun á mánuði á 2018, að því er fram kom í tekjublaði Frjálsrar verslunar. Samkvæmt ákvæðum í starfssamningum Finns og Guðmundar skiptir ekki máli, að sögn þeirra sem þekkja vel til málsins, hvort þeir hafi sjálfir látið af störfum eða verið sagt upp og mun félagið því þurfa að taka á sig umtalsverðan kostnað vegna starfsloka þeirra.

Varlega áætlað munu Hagar þurfa að gjaldfæra hjá sér um 250 milljónir í kostnað við starfslok Guðmundar, vegna launa, lífeyrisgreiðslna og annarra launatengdra gjalda, en í tilfelli Finns verði kostnaðurinn um 100 milljónir. Fram kom í tilkynn-

73

milljónum námu laun og hlunnindi Finns á síðasta rekstrarári.

ingu síðastliðinn fimmtudag að Finnur og Guðmundur muni starfa áfram hjá félaginu þangað til eftirmenn þeirra hafa verið ráðnir.

Launakjör æstu stjórnenda Haga hafa sætt gagnrýni hluthafa um nokkurt skeið, einkum lífeyrissjóða sem fara samanlagt með yfir 60 prósentu hlut í félaginu, og á aðalfundi í júní í fyrra var samþykkt verulega breytt starfskjarastefna fyrir félagið. Þar var meðal annars horft til þess að betri upplýsingar væru veittar um á grunni hvaða samanburðar heildarlaun stjórnenda byggðust, meira gegnsæi væri um hlutfallið milli fastra og árangurstengdra greiðslna og að fjárhæð kaupauka geti að hámarki svarað til fjögurra mánaða grunnlauna forstjóra.

Ljóst hefur verið að gera þyrfti nýja samninga við helstu stjórnendur Haga á grunni þessarar breyttu starfskjarastefnu eftir að hún var samþykkt af hluthöfum. Ágreiningur um breytingar á launakjörum var þó ekki ein af helstu ástæðum starfsloka Finns, og í kjölfarið einnig Guðmundar, hjá félaginu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sumir af stærstu hluthöfum Haga, meðal annars Samherji, hafa

í talsverðan tíma sóst eftir því að nýr maður yrði fenginn í stól forstjóra. Hagar, sem reka verslanir undir merkjum Bónuss og Hagkaupa, eru sagðir hafa orðið undir í samkeppninni á matvörumarkaði undanfarin ár gagnvart sínum helsta keppinaut, Krónunni, sem hefur aukið við markaðshlutdeild sína. Þá nefna eins sumir hluthafar og aðrir sem þekkja vel til rekstrar smásöluhluturinn að stjórnendur hafi legið undir ámæli fyrir að hafa ekki fylgt nægjanlega vel eftir samruna Haga og Olís með markvissari aðgerðaaáttun til að ná fram þeim samlegðaráhrifum sem stefnt var að með sameiningu félaganna.

Stærstu hluthafar Haga eru Gildi lífeyrissjóður með 14,6 prósent, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins á 14,2 prósentu hlut og Lífeyrissjóður verzlunarmanna fer með rúmlega tíu prósentu hlut. Hlutabréfaverð félagins hefur hækkað um þrjú prósent á síðustu tólf mánuðum. Heildarvelta Haga á fyrstu þremur fjórðungum þessa rekstrarárs nam um 88 milljörðum og hagnaður félagins var um 2.350 milljónir. Ársuppgjör félagins verður birt 19. maí næstkomandi.

Í svari við fyrirspurn Markaðarins um hver sé áætlaður heildarkostnaður vegna starfsloka Finns og Guðmundar sögðust Hagar ekki geta veitt þær upplýsingar að svo stöddu. „Verði þær á einhverjum tímamarki birtar opinberlega, verður það gert samhliða birtingu reikningskila félagins,“ sagði í svarinu. hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

PRENUNIS

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
www.bjornsbakari.is

Borgun tapaði 900 milljónum króna

Greiðslumiðlunin Borgun tapaði nærri 900 milljónum króna á síðasta ári samanborið við tæplega 1,1 milljarð 2018. Stjórn Borgunar gerir þó ráð fyrir að félagið muni skila hagnaði á rekstrarárinu 2020. Þrátt fyrir áframhaldandi taprekstur og ýmsa neikvæða ytri þætti hafi mikið unnist í átt að bættum rekstri á síðasta ári.

Hreinar þjónustutekjur jukust úr 9,2 milljörðum í 9,6 milljarða. Fram kemur í skýrslu stjórnar má rekja aukninguna til endursamninga við viðskiptavini en jafnframt innleiðingu á nýjum lögum um milligjöld sem tóku gildi síðari hluta árs. Laga-



Sæmundur Sæmundsson, forstjóri Borgunar

breytingin mun einnig hafa jákvæð áhrif á rekstrarárið 2020.

„Vöxtur á útlánum skilaði félaginu auknum vaxtatekjum en lækkingu á vaxtastig og lægri markaðshlutdeild á Íslandi hafði þau áhrif að heildarvaxtatekjur lækkuðu um 101 milljón, samanborið við árið á undan,“ segir í skýrslu stjórnar.

„Ákvörðun frá seinni hluta árs 2018, um að segja upp öllum seljendum sem rúmast ekki innan áhættustefnu félagins heldur áfram að veita þungt á rekstrarárið 2019.“

Alþjóðlega greiðslumiðlunar fyrirtækið Salt Pay gekk frá kaupum á Borgun um miðjan mars. Seljendur voru Íslandsbanki og Eignarhaldsfélagið Borgun en eftir kaupin nemur eignarhlutur Salt Pay 95,9 prósentum. Samkvæmt kaupsamningnum fylgdu forgangshlutabréf í Visa Inc. ekki með en virðisbreyting á forgangsbreftunum í fyrra var jákvæð um 1,2 milljarða. – þfh

ÚTSALA!

Allt að

60%

Afsláttur

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Ekki sama farþegafjöldi fyrir en 2024

Áætlanir forsvarsmanna Icelandair Group miða við að farþegafjöldi félagsins verði ekki sá sami og í fyrra fyrir en eftir fjögur ár. Sjóðir félagsins minnka um tíu milljónir dala á mánuði meðan það er tekjulaust. Gera ráð fyrir nær engri starfsemi í tólf mánuði.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Grunnsviðsmynd stjórnenda Icelandair Group gerir ráð fyrir að flugfélagið nái ekki sama farþegafjölda og í fyrra – um 4,4 milljónum – fyrir en árið 2024. Þetta kom fram í kynningu Boga Nils Bogasonar, forstjóra Icelandair Group, og Marinós Arnar Tryggvasonar, forstjóra Kviku banka, eins helsta ráðgjafa flugfélagsins, á fundum með nokkrum af stærstu hluthöfum félagsins sem hófust um miðja síðustu viku.

Umrædd sviðsmynd liggur meðal annars til grundvallar endurfjármögnun Icelandair Group, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, en eins og félagið greindi frá í síðustu viku áformar það að sækja sér allt að tvö hundruð milljónir dala, ríflega 29 milljarða króna, í almennu hlutfjárútboði sem til stendur að halda í næsta mánuði.

Í sömu sviðsmynd er miðað við að sjóðir Icelandair Group minnki um sem nemur í kringum tíu milljónum dala á mánuði á meðan félagið er án tekna. Sú áætlun miðast þá við, samkvæmt heimildum Markaðarins, að flugfélagið geti hafið starfsemi á ný innan mánaðar þegar tækifæri gefast.

Sviðsmyndin gerir jafnframt ráð fyrir því að starfsemi flugfélagsins verði lítil sem engin í tólf mánuði, auk þess sem félagið verði í stakk búið til þess að geta lifað af allt að 24 mánuði í slíku umhverfi.

Á fyrrnefndum fundum, sem eru sagðir eins konar undirbúningsfundir fyrir fyrirhugað hlutfjárútboð, komu engar upplýsingar fram um hve miklar vaxtaberandi skuldir flugfélagsins verði eftir mögulega skuldbreytingu en umræddar skuldir námu alls 327 milljónum dala, um 48 milljörðum króna, í lok marsmánaðar. Félagið kannar sem kunnugt er möguleikann á því að breyta skuldum í hlutafé en á meðal lánveitenda þess eru Íslandsbanki,



Icelandair Group áformar að sækja sér allt að 29 milljarða króna í fyrirhuguðu hlutfjárútboði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

25

milljarðar króna var rekstrartap Icelandair Group í marsmánuði.

Landsbankinn og bandaríski bankinn CIT bank.

Enn fremur var ekki upplýst um það á fundunum hve háar fjárhæðir stjórnvöld eru reiðubúin til þess að veita Icelandair Group í lánalínu, ef áform félagsins um hlutfjárúkningu ganga eftir. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa látið hafa eftir sér að þær geti orðið talsvert hærri en fimm til tíu milljarðar króna.

Þá komu engin skýr svör um það

á fundunum, að sögn þeirra sem þekkja vel til mála, hvort flugfélagið geti með einum eða öðrum hætti losað sig við þær MAX-þotur sem það hefur þegar fengið afhentar og hafa staðið óhreyfðar í kjölfar kyrrsetningar þeirra í mars í fyrra.

Þó eru væntingar um, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, að flugfélagið geti losnað undan samningum sem það gerði við framleiðanda vélanna, Boeing, um kaup á sjö MAX-þotum sem hafa enn ekki verið smíðaðar.

Samningar liggja fyrir

Flestir stærstu hluthafar Icelandair Group, sem eru einkum íslenskir lífeyris- og verðbréfasjóðir, gera það að skilyrði fyrir mögulegri aðkomu að hlutfjárútboði flugfélagsins að kjarasamningar náist við flugstéttir Icelandair – flugmenn, flugfreyjur

og flugvirkja – til mjög langs tíma, eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku.

Þeir eru sagðir hafa komið þeim skilaboðum skýrt á framfæri við stjórnendur og ráðgjafa flugfélagsins að „undirritaðir samningar“, eins og einn viðmælandi blaðsins orðar það, þess efnis liggja fyrir áður en ráðist verður í útboðið.

Samkvæmt heimildum Markaðarins huga lífeyrissjóðirnir nú að því að fá til liðs við sig ráðgjafa sem yrði þeim innan handar í komandi viðræðum við Icelandair Group í aðdraganda hlutfjárútboðsins.

Auk Kviku banka eru Íslandsbanki og Landsbankinn flugfélaginu til ráðgjafar við undirbúning útboðsins. Fyrrnefndur Marinó Örn stýrir ráðgjafarvinnunni.

Icelandair Group tapaði um 31 milljarði króna á fyrstu þremur

mánuðum ársins, samkvæmt uppgjöri sem félagið birti á mánudag, en þar af nam einkisþekkingarvegna áhrifa kórónaveirunnar alls ríflega 23 milljörðum króna. Rekstrartap félagsins í marsmánuði einum var yfir 25 milljarðar króna.

Eigið fé flugfélagsins var komið í 27 milljarða króna í lok fjórðungsins og eiginfjárlutfallið 18 prósent, að undanskildu Icelandair Hotels, en til samanburðar nam eigið fé félagsins ríflega 59 milljörðum króna í lok síðasta árs. Var eiginfjárlutfallið þá 29 prósent.

Þá nam staða handbærs fjár félagsins um 32 milljörðum króna í lok mars síðastliðins en að teknu tilliti til óadreginna lánalína var lausafjárstaðan ríflega 40 milljarðar króna. Félagið hefur sagt að lausafjárstaðan fari undir 29 milljarða króna á næstu vikum.

Þetta flytur sig ekki sjálf!

(Nýir atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)



SIXT
langtímaleiga

Verð frá:
63.900 kr. á mán án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.

Pantaðu bílinn á sixtlangtímaleiga.is.

Innifalið í langtímaleigu:

- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti
- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn
Kynntu þér kosti langtímaleigu á
sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband
við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222
eða á vidskiptastjori@sixt.is.

**Skráðu þig á póstlistann og
fáðu Fréttablaðið sent rafrænt
á hverjum morgni**



**Skráðu þig á frettabladid.is,
á Facebook síðu Fréttablaðsins
eða skannaðu QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins



Vægi óskráðra eigna Öndvegisbréfa er yfir 20 prósent af safni sjóðsins.

Engin tilmæli til sjóðanna

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur verið í nánum samskiptum við öll rekstrarfélög verðbréfasjóða á undanförunum vikum til að fá betri innsýn í stöðu sjóðanna og aðgerðir hlutdeildarskírteinishafa. Ekki hefur verið gripið til einhverra sérstakra aðgerða eða sérstökum tilmælum beint til rekstrarfélaga eða sjóða vegna óskráðra verðbréfa í eignasafni þeirra.

Þetta kemur fram í svari fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Markaðarins. Eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku hefur sjóðastýringarfyrirtækið Landsbréf í tvisgang endurmetið virði óskráðra eigna í opna fjárfestingasjóðnum Öndvegisbréf, sem hefur mun meira vægi óskráðra eigna en aðrir sjóðir af sama tagi, frá því að kórónafaraldurinn skall á heimsbyggðinni.

Fjármálaeftirlitið hefur heimild til þess að fresta innlausnum til að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa. Fjármálaeftirlitið segist líta til þess hvernig rekstrarfélög hyggjast stýra lausfjárahættu slíkra sjóða með hliðsjón af þeim innlausnarskyldum sem hvíla á hverjum og einum sjóði.

„Tæplega 80 prósent af eignum sjóðsins eru skráðar eignir sem hægt er að selja á markaði til að bregðast við innlausnum á hverjum tíma auk þess sem við höfum ekki áhyggjur af því að geta ekki selt óskráðar eignir sjóðsins ef til þess kemur,“ kom fram í svari Landsbréfa í umfjöllun Markaðarins í síðustu viku.


„Sjóðurinn er ógíraður og lausafjárstýringu hans er, eins og annarra sjóða Landsbréfa, hagað með þeim hætti að unnt sé að bregðast við innlausnarbeiðnum í samræmi við reglur sjóðsins.“ – þfh

Hærrí verðmiði á Símanum

Capacent hefur hækkað verðmat sitt á Símanum um þrjú prósent. Verðmatið hljóðar nú upp á 58,4 milljarða króna en eldra verðmat hljóðaði upp á 56,8 milljarða króna. Verðmatsgengið er nú 6,7 sem er um 17 prósentum yfir markaðsgengi.

Greinandi Capacent segir að almennur efnahagssamdráttur muni hafa áhrif á fjarskiptafyrirtæki og bendir á að tekjur Símans af ferðaþjónustu hafi verið um 500 milljónir króna. Auk þess hafi ekki verið neinar áskriftartekjur af Símanum Sport í apríl og maí, og óvist sé með framhaldið. Áskriftartekjurarnar nema um 30 milljónum króna á mánuði eftir því sem kemur fram í greiningu Capacent.

Í rekstrarspá Capacent er gert ráð fyrir að áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur Símans verði mest á árið 2021 eða þegar efnahagslegu áhrifin verða í hámarki. Capacent gerir ráð fyrir að EBITDA Símans, það er afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, verði tæplega 10,2 milljarðar króna árið 2021 en eldri spá gerði ráð fyrir 10,6 milljónum króna. – þfh



Bandaríkin vilja ekki að bandamenn byggi á tækni kínverska fjarskiptarisans Huawei við uppsetningu 5G háhraðanets í álfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vilja ekki vera of háð Huawei

Nýtt frumvarp felur í sér að stjórnvöld fylgja fordæmi Evrópuríkja í afstöðu til búnaðar Huawei. Kerfið verði ekki of háð einum framleiðanda. Ákvarðanir ráðuneyta verða undanþegnar stjórnsýslureglum.

Nýju frumvarpi, sem fjallar um öryggi 5G kerfa, er ætlað að tryggja að kerfin verði ekki of háð kínverska fyrirtækinu Huawei eða öðrum framleiðendum tæknibúnaðar. Samgönguráðherra segir að Ísland muni fylgja fordæmi Evrópuríkja í öryggismálum til þess að tryggja fjölbreytileika búnaðar í kerfunum. Forstjóri Sýnar gagnrýnir að ákvarðanir ráðuneyta um búnað í fjarskiptakerfum verði undanþegnar stjórnsýslureglum.

„Líklegasta leiðin sem við förum í þessum efnunum er að fylgja evrópska regluverkinu og horfa sérstaklega til Norðurlanda. Þar hefur verið leitast við að tryggja að það séu að lágmarki tveir framleiðendur á bak við fjarskiptakerfið og auk þess hafa verið settar reglur um tiltekinn búnað innan kerfisins sem varðar almannavarnir og öryggismál,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra í samtali við Markaðinn.

Sigurður Ingi mun á næstu dögum leggja frumvarp fyrir Alþingi sem fjallar meðal annars um öryggishagsmunir í uppbyggingu 5G-kerfa á Íslandi. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem byggjast á skýrslu starfshóps og miða að því að tryggja fjölbreytileika tæknibúnaðar í fjarskiptainnvöldum.

„Þetta snýst ekki um eitt fyrirtæki heldur það að tryggja fjölbreytileika, að við séum ekki of háð tæknibúnaði frá einum framleiðanda og að taka tillit til sjónarmiða er varða almannavarnir og þjóðaröryggi,“ segir Sigurður Ingi, spurður hvort frumvarpið, sem ekki hefur verið birt opinberlega, muni fela í sér að stjórnvöld taki harða afstöðu gegn tilteknum framleiðanda, til að mynda Huawei.

Bandarísk stjórnvöld hafa bannað að notkun búnaðar frá Huawei í mikilvægum innviðum fjarskiptakerfa sinna á grundvelli sjónarmiða um þjóðaröryggi. Þau fullyrða að kínversk stjórnvöld muni nota tók sín á fyrirtækinu til þess að njósna um önnur ríki en Huawei

Einkafyrirtæki sem hafa fjárfest í uppbyggingu fjarskiptakerfa fyrir tugi milljarða króna eru svipt andmælarétti.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar



Við trúum því og treystum á að íslensk stjórnvöld gæti samkeppnissjónarmiða og að þetta verði ekki pólitískt.

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova



hefur alfarið hafnað þessum fullyrðingum. Bandarísk stjórnvöld hafa einnig lagt bann við kaupum alríkisstofnana á búnaði frá Huawei og reynt að sannfæra bandamenn sína um að takmarka viðskipti við kínverska fyrirtækið.

Afstöða Evrópuríkja hefur verið varfærnari. Hún byggist á því að framkvæma áhættumat á framleiðendum, gera öryggiskröfur um kjarna 5G-kerfanna og setja takmörk fyrir hversu stór hluti kerfisins megi koma frá einum framleiðanda. Þetta er sú leið sem starfshópurinn taldi helst koma til greina, en jafnframt var lögð áhersla á að til staðar væru skýrar lagaheimildir stjórnvalda í þessum efnunum.

Geta misst tíðnina bótafast

Póst- og fjarskiptastofnun hefur nýlega úthlutað tíðniheimildum fyrir 5G þjónustu til Nova, Símans og Sýnar, sem gilda til ársloka 2021. Í næstu umferð verður úthlutað til lengri tíma, minnst 15 ára, en líklegt er að þá verði gerðar strangari kröfur um búnað í kerfinu að sögn Sigurðar Inga.

„Næstu misseri geta komið fram kröfur sem við munum setja í lög og úthlutun tíðniheimilda gæti þurft að taka mið af þeim. Ef fyrirtækin, sem nú fá tímabundna tíðni úthlutaða, sætta sig ekki við þær reglur sem gilda, getur komið til þess að þau fái ekki úthlutaða tíðni að nýju. Og samkvæmt skilyrðum Póst- og fjarskiptastofnunar verður það gert bótafast,“ segir Sigurður Ingi.

Nýtt 5G-kerfi verður byggt ofan

á núverandi kerfi, þ.e.a.s. 4G og 3G, en stóran hluta búnaðar þeirra kerfa má rekja til kínverska framleiðandans. Nova og Vodafone hafa byggt sín 4G kerfi upp með búnaði frá Huawei en Síminn á í viðskiptum við sænska fyrirtækið Ericsson. Spurður hvort stjórnvöld horfi til þess að jafna hlutföll milli framleiðenda segir Sigurður Ingi að það verði ekki endilega niðurstaðan.

„En það er forsenda fyrir framtíðarúthlutun 5G-tíðni almennt að a.m.k. tveir birgjari séu á bak við búnaðinn og sérstakar öryggiskröfur ef hann er metinn mikilvægur þjóðaröryggi eða almannavörnum,“ itrekar hann.

Ekki áhyggjur af takmörkunum

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova, segir að Nova hafi gert athugasemdir við þá fyrirvara sem voru settir um úthlutun tíðniheimilda en eftir samtali við stjórnvöld hafi verið ákveðið að halda áfram uppbyggingu á innviðum. Aðspurð segist hún ekki hafa miklar áhyggjur af því að stjórnvöld setji hamlandi takmarkanir á notkun búnaðar frá Huawei.

„Við trúum því og treystum á að íslensk stjórnvöld gæti samkeppnissjónarmiða og að þetta verði ekki pólitískt. Því miður er umræðan pólitísk á erlendum vettvangi en stórir þjónustuaðilar úti um allan heim hafa stigið fram og hvatt til sanngjarnrar umræðu um þessi mál,“ segir Margrét.

Þá bendir Sigurður Ingi á að regluverkið hér á landi, líkt og í

Evrópu, sé að þróast í þá átt að fjarskiptafyrirtækjum verði heimilað að samnýta fjarskiptainnvíði og efna til samstarfs um uppbyggingu þeirra. Með samnýtingu og samstarfi verði auðveldara fyrir fyrirtækin að blanda saman ólíkum búnaði og tryggja þannig fjölbreytileika. Nái það fram að ganga hafi stjórnvöld ekki ástæðu til að ætla að kröfur ákvæðisins setji fjarskiptafyrirtækjunum hömlur við frekari uppbyggingu.

Mikið tjón með einu pennastriki Í frumvarpinu er búið svo um hnútana að ráðuneyti geti tekið ákvarðanir um búnað í fjarskiptainnvöldum sem verða undanþegnar reglum stjórnsýsluréttar um rökstuðning, umfram tilvisun til þjóðaröryggis, og andmæli. Utanríkisráðuneyti beri ábyrgð á mati þátta er líta að alþjóðlegri öryggissamvinnu Íslands og varnarmálum. Dómsmálaráðuneyti beri með svipuðum hætti ábyrgð á mati þátta er varða almannaröryggi.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, segir ólýðræðislegt að setja slíkt vald í hendur „ósýnilegra embættismanna“.

„Þetta þýðir að stjórnvöld geta með einu pennastriki lagt bann við notkun á búnaði frá Huawei og látið 5G tíðniheimildir fjarskiptafyrirtækja renna út bótafast. Einkafyrirtæki sem hafa fjárfest í uppbyggingu fjarskiptakerfa fyrir tugi milljarða króna eru síðan svipt andmælarétti,“ segir Heiðar.

Þannig eiga einkafyrirtæki og almenningur á hættu að verða fyrir gríðarlegu tjóni, að sögn Heiðars, ef íslenskir embættismenn láta undan þrýsting frá bandarískum stjórnvöldum þegar fram sækir. Ekki hafi verið tekið tillit til efnahagslegra afleiðinga í skýrslu starfshópsins, sem var skipaður einum netöryggissérfræðingum og tveimur lögfræðingum.

„Eins skýtur það skökku við að þarna séu tvö ráðuneyti Sjálfstæðisflokksins, sem segir í stofnskrá að hann berjist fyrir frelsi til viðskipta og frelsi einstaklingsins, að ganga þvert gegn því,“ segir Heiðar. thorsteinn@frettabladid.is

Krefja Seðlabanka Evrópu um svör

Hæstiréttur Þýskalands kvað upp dóm um skuldabréfakaup Seðlabanka Evrópu. Bankanum er gert að réttlæta skuldabréfakaupin innan þriggja mánaða. Hóta því að koma í veg fyrir kaup bankans á þýskum ríkisskuldabréfum. Dómnum lýst sem stríðsyfirlýsingu.

Hæstiréttur Þýskalands hefur hótað því að koma í veg fyrir kaup Seðlabanka Evrópu á þýskum ríkisskuldabréfum, sem gæti veikt aðgerðir bankans til að bregðast við samdrætti í Evrópu vegna kórónafaraldursins.

Dómstóllinn skipaði þýskum stjórnvöldum og þinginu að tryggja að seðlabankinn framkvæmði „hlutfallsmat“ á viðtækum skuldabréfakaupum sínum til að tryggja að áhrif aðgerðarinnar á hagkerfið og ríkisfjármál væru í samræmi við markmið peningastefnu bankans.

Financial Times greinir frá því að seðlabankinn hafi þrjá mánuði til að framkvæma slíkt mat, annars verði komið í veg fyrir frekari kaup á þýskum skuldabréfum.

Seðlabankinn hefur keypt ríkisskuldabréf fyrir 2,2 billjónir evra frá árinu 2014 til þess að viðhalda verðbólgu en stefna bankans hefur verið umdeild í Þýskalandi. Gagnrýnendur segja að bankinn fari þannig út fyrir heimildir sínar með því að fjármagna ríkisstjórnir með ólöglegum hætti.

Á síðustu vikum hefur seðlabankinn stóraukið skuldabréfakaup til þess að milda efnahagsleg áhrif kórónafaraldursins.

Í dómi hæstaréttarins, sem er staðsettur í Karlsruhe, kom fram að



Christine Lagarde, seðlabankastjóri Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

þýskum stjórnvöldum bæri skylda til að grípa í taumana miðað við það hvernig skuldabréfakaup seðlabankans eru framkvæmd í dag.

Stefnendurnir – hópur 1.750 manns – höfðu málið árið 2015 en það fór fyrir Dómstól Evrópusambandsins sem dæmdi seðlabankanum í hag árið 2018. Málið

fór aftur til hæstaréttar Þýskalands sem hafnaði rökum fyrrnefnds dómstóls og sagði þau ekki halda vatni.

Með því að hafna rökum Dómstóls Evrópusambandsins hefur dómstóllinn í Karlsruhe velt upp veigamiklum spurningum um beitingu Evrópulöggjafar.

Þetta er fyrsta tilfellið þar sem þýskur dómstóll segir að dómur Dómstóls Evrópusambandsins hafi ekki lögsögu.

Panos Koutrakos, prófessor í Evrópurétti

„Þetta er fyrsta tilfellið þar sem þýskur dómstóll segir að dómur Dómstóls Evrópusambandsins hafi ekki lögsögu,“ segir Panos Koutrakos, prófessor í Evrópurétti við háskólann City í London, í samtali við Financial Times.

Hæstirétturinn gaf margar ástæður fyrir því af hverju Seðlabanki Evrópu hefði farið út fyrir heimildir sínar en sagði jafnframt að ekki væri unnt að ákvarða hvort seðlabankinn hefði brotið gegn Evrópulöggjöfni án frekari upplýsinga um hvernig bankinn samrýmdi áhrif skuldabréfakaupanna og markmið peningastefnunnar.

Clemens Fuest, forstöðumaður hagfræðistofnunarinnar Ifo í München, segir að höfnun hæstaréttar Þýskalands á rökum Dómstóls Evrópusambandsins „lesist eins og stríðsyfirlýsing“.

Dómurinn gæti greitt götuna

fyrir málaferli á hendur Seðlabanka Evrópu vegna nýlegrar aðgerðar (PEPP) sem felur í sér stóraukin skuldabréfakaup bankans til að bregðast við samdrætti vegna kórónafaraldursins.

„Þetta er stóra áhætta,“ segir Vítor Constâncio, fyrrverandi yfirmaður hjá Seðlabanka Evrópu, sem telur að dómstóllinn hafi gert „fáránlegan greinarmun á peningastefnu og efnahagsstefnu“.

„Ný dómsmál vegna PEPP munu koma í kjölfarið,“ bætir hann við.

Richard McGuire, hjá Rabobank, segir að dómurinn sé „enn ein hindrun sem stendur í vegi fyrir samstöðu í kórónakrisunni“.

„Við vissum að það væru pólitískar hindranir í skiptingu kostnaðar milli sambandsríkjanna og nú eru einnig lagalegar hindranir,“ bætir McGuire við.

Flestir höfðu búist við að dómstóllinn í Karlsruhe myndi samþykkja, þó með miklum semingi, að skuldabréfakaup Seðlabanka Evrópu væru lögleg. Dómstóllinn sagðist þó ekki hafa fundið brot gegn banni við fjármögnun aðildarríkja.

„Ákvörðunin sem er birt í dag varðar ekki neina fjárhagslega aðstoð sem Evrópusambandið eða Seðlabanki Evrópu hafa veitt í tengslum við núverandi krísu,“ sagði jafnframt í dómnum.

thorsteinn@frettabladid.is

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS





Flugvélar standa viðast hvar óhreyfðar þessa dagana. Samdráttur í flugi nemur yfir 90 prósentum miðað við síðasta ár. MYND/GETTY

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinni@frettabladid.is



Fluggeirinn verður ekki samur aftur

Alþjóðlegi fluggeirinn hefur aldrei staðið frammi fyrir eins alvarlegri kreppu og nú, að mati greinenda og forsvarsmanna flugfélaga sem hafa varað við því að það gæti tekið geirann nokkur ár að jafna sig eftir heimsfaraldur kórónaveirunnar. Flugmarkaðurinn muni í kjölfar faraldursins líkast til breytast varanlega.

„Það er áleitinn spurning hvort þessi gömlu og hefðbundnu flugfélög, „legacy-félögin“, verði söm aftur. Þau eru nú verulega löskuð,“ segir Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Bláfugls og framkvæmdastjóri hjá Icelandair, í samtali við Markaðinn.

Fluggeirinn hefur gengið í gegnum ýmsar kreppur á síðari árum og má í því sambandi meðal annars nefna hryðjuverkaárásirnar á Tvíburaturnana í New York-borg þann 11. september árið 2001, SARS-faraldurinn á árunum 2002 til 2003, alþjóðlegu fjármálakreppuna haustið 2008 og eldgosid í Eyjafjallajökli árið 2010.

Þær kreppur eiga það sameiginlegt að flug hófst fljótt á nýjan leik í

Fyrrverandi forstjóri Bláfugls segir að grundvallarbreytingar séu að verða á rekstri fullþjónustuflygfélaga. Óttast er að eftirspurn eftir flugi nái ekki sömu hæðum og í fyrra fyrr en eftir tvö til þrjú ár. Greinandi segir fá flugfélög reiða sig eins mikið á millilandaflug og Icelandair.

kjölfar þeirra og flugfélög réttu vel úr kútnum. Nú er hins vegar óttast að lægðin verði dýpri og langvinnari en áður og batinn hægari.


Flugumferð í heiminum hefur dregist saman um meira en 90 prósent á undanförunum tveimur mánuðum vegna ferðatakmarkana, útgöngubanns og annars konar sóttvarnaaðgerða af hálfu stjórnvalda og hafa IATA, alþjóðasamtök

flugfélaga, varað við því að farþegatekjur geti minnkað um allt að 315 milljarða dala – um 55 prósent – á heimsvísu í ár.


„Þetta er svartasta tímabil sem við höfum lifað í sögu farþegaflugs,“ sagði Calin Rovinescu, forstjóri Air Canada, stærsta flugfélags Kanada, á fjárfundi með greinendum á mánudag.

„Við stöndum nú frammi fyrir

Próun hlutabréfaverðs frá áramótum



Spá IATA um samdrátt í tekjum af seldum sætiskilómetrum í ár





85

milljarðar dala er samantöl milli ríkisaðstoð stjórnsvalda víða um heim til flugfélaga.

okkar stærstu áskorun á síðari tímum,“ nefndi Carsten Spohr, forstjóri Lufthansa, í bréfi sem hann skrifaði starfsmönnum á föstudag.

„Við erum að berjast fyrir framtíð félagsins og framtíð riflega 130 þúsund starfsmanna Lufthansa,“ bætti hann við.

Fleiri forstjórar í fluggeiranum hafa talað í svipuðum dúr. Þannig lét Guillaume Faury, forstjóri Airbus, hafa eftir sér í bréfi til starfsmanna í síðustu viku að flugvélaframleiðandinn „[blæddi] lausafé á áður óþekktum hraða sem gæti ógnað sjálfri tilvist félagsins okkar“.

Framleiðandinn þyrfti að gripa til umsvifalausra aðgerða til þess að „draga úr útlæði lausafjár, koma fjárhag okkar í samt lag og – að endingu – að ná aftur stjórn á okkar eigin örlögum“.

Airbus hefur dregið úr framleiðslu um 35 prósent á meðan framleiðsla helsta keppinautarins, Boeing, hefur minnkað um fimmtíu prósent.

Hefta útlæði lausafjár

Verkefni nær allra flugfélaga heims hafa verið þau sömu og evrópska flugvélaframleiðandans á síðustu vikum eða allt frá því að flug í heiminum lagðist að stærstum hluta af í mars síðastliðnum: að hefta með öllum ráðum útlæði lausafjár.

„Þetta snýst allt um lausaféð. Flugfélög falla alltaf vegna skorts á lausafé,“ nefnir Steinn Logi.

Aðgerðir flugfélaga í þessa veru hafa meðal annars falist í miklum fjöldauppsögnum, þeim mestu í fluggeiranum á síðari árum, en sem dæmi tilkynntu stjórnendur stærstu flugfélaga í Evrópu, svo sem Ryanair, Lufthansa, British Airways, SAS og Air France-KLM, í síðustu viku um áform sín um að segja upp samantekt átt í 40 þúsund starfsmönnum. Starfshlutfall flestra annarra starfsmanna flugfélaganna hefur verið lækkað.

Yfir 100 þúsund starfsmenn stærstu flugfélaga Bandaríkjanna – American Airlines, United Airlines, Delta Air Lines og Southwest Airlines – hafa þegar samþykkt að lækka í launum, taka sér launalaust

Meirihluti neytenda hyggst ekki ferðast á næsta ári

Um 70 prósent neytenda segja ólíklegt að þeir muni fara í fri erlendis á næsta ári, samkvæmt skoðanakönnun sem fjárfestingarbankinn Jefferies gerði nýverið á meðal 5.500 neytenda í ellefu ríkjum. Niðurstöður könnunarinnar benda þannig til þess að ferðaþjónusta heimsins muni ekki taka við sér árið 2021, eins og margir hafa gert sér vonir um.

Flestir þeirra sem segjast líklega ekki ætla að fara í fri á næsta ári hafa áhyggjur af því að heimsfaraldur kórónaveirunnar geti varað fram á árið. Aðrir segjast hins vegar hafa áhyggjur af því að þeir muni ekki hafa efni á ferðalögum.

Niðurstöður könnunar Jefferies ríma að einhverju leyti við nýlega könnun sem alþjóðasamtök flugfélaga gerðu á meðal fjármálastjóra aðildarfélaga sinna og yfirmanna fraktflutninga en þar sögðust flestir – um 57 prósent svarenda – telja að það gæti tekið flugmarkaðinn allt að eitt ár að jafna sig á áhrifum kórónaveirunnar.

Um átján prósent svarenda töldu aftur á móti að markaðurinn myndi jafna sig á einu til tveimur árum.

Það er áleitinn spurning hvort þessi gömlu og hefðbundnu flugfélög, „legacy-félögin“, verði söm aftur.

Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Bláfugls



slíkrar ríkisaðstoðar er hún síður en svo óumdeild. Michael O’Leary, hinn skrautlegi forstjóri Ryanair, hefur til að mynda sagt að með „vanhugsuðum“ aðgerðum sínum komi stjórnvöld í veg fyrir nauðsynlega hreinsun á flugmarkaðinum og skekki þannig verulega samkeppnisstöðu flugfélaga.

„Þau flugfélög sem stóðu höllum fæti fyrir krísuna – Lufthansa, Air France-KLM og Alitalia – sem hefðu undir venjulegum kringumstæðum þurft að endurskipuleggja rekstur sinn og skera verulega niður munu nú hagnast ríkulega á þessari ríkisaðstoð.“

Þau munu geta gert vel reknum flugfélögum eins og okkur, British Airways og easyJet, mjög erfitt fyrir,“ nefnir O’Leary sem hefur kvartað yfir ríkisaðstoðinni til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Ríkislán dugi ekki til

Þó svo að ríkislánum sé ætlað að hjálpa flugfélögum að komast í gegnum þann skaf sem blasir við þeim telja sumir að þau muni ekki duga til þess að endurræsa, ef svo má að orði komast, félögin þegar faraldurinn hefur gengið yfir.

Hætt sé við því að skuldum vafin flugfélög muni hvorki hafa bolmagn né getu til þess að nýta þau tækifæri sem bjóðast á brotakenndum flugmarkaði þegar það rofar til.

Jacob Wallenberg, sem situr í stjórn SAS fyrir hönd Wallenberg-fjölskyldunnar eins stærsta hluthafa skandinaviska flugfélagsins, sagði til að mynda í samtali við sænska blaðið Dagens Nyheter í síðustu viku að félagið þyrfti nauðsynlega á „stórri fjárinnsþýtingu“ að halda í formi aukins hlutfjár.

Ekki væri nóg að hluthafar legðu flugfélaginu til meira fjármagn, enda „getum við ekki endurræst heilt flugfélag. Það getur bara ríkið gert“.

Bogi Nils tók fram í viðtali í Víglinunni á Stöð 2 á sunnudag að flugfélög sem kæmu út úr kreppunni í „hálfgerðu skuldafeni“ yrðu ekki í góðri stöðu. Mat stjórnenda flugfélaga væri almennt séð það að félögin þyrftu ekki á auknum skuldum að halda.

Ferðalöngunin áfram sterk

Steinn Logi telur að ýmsar grundvallarbreytingar séu að verða á flugstarfsemi um þessar mundir. Ein sú helsta „kemur í framhaldinu af þeim breytingum sem hafa orðið í samskiptum fólks í viðskiptaheiminum í þessum faraldri,“ nefnir hann og vísar meðal annars til mikillar fjölgunar fjarfunda.

„Tiltölulega stór hluti af tekjum þessara „legacy-flugfélaga“ kemur til vegna viðskiptaferða þar sem fargjaldid er jafnan hærra en í öðrum ferðum. Þessi félög hafa hingað til getað lifað við hlið laggjaldaflugfélaganna – viðskiptamódel þeirra hefur virkað merkilega vel – en nú er hins vegar hætt við að þessar breytingar í samskiptum fólks geri það að verkum að þau verði áfram

Forsvarsmenn flugfélaga hafa sagt að undanförunu að flug muni líkast til ekki komast í samt lag fyrr en eftir nokkur ár. Ed Bastian, forstjóri Delta Air Lines, nefndi til að mynda nýverið að í ljósi efnahagsáhrifa kórónaveirunnar og öryggisráðstafana sem gripið hefði verið til vegna hennar væri ólíklegt að fluggeirinn næði bata fyrir árið 2023.

Forsvarsmenn British Airways og SAS hafa talað um „nokkur ár“ þar til eftirspurn eftir flugi verði hin sama og í fyrra. Stjórnendur Norwegian hafa jafnframt sagt líklegt að floti félagsins verði að stærstum hluta kyrrsettur næstu tólf mánuði og að bata verði ekki náð að fullu fyrr en árið 2022.

Forstjórar tveggja flugfélaga, Ryanair og Wizz Air, eru hins vegar öllu bjartsýnni en kollegar þeirra. Þannig gera áform József Váradi, forstjóra ungverska laggjaldaflugfélagsins, ráð fyrir því að flugáætlun félagsins verði komin í 70 prósent af hefðbundinni áætlun í júlí og ágúst, að því gefnu að slakað verði á ferðatakmarkunum fyrir þann tíma.

Áður hefur Michael O’Leary, forstjóri Ryanair, greint frá áformum félagsins um að fljúga um 80 prósent af flugáætlun sinni í september.

Það eru ekki mörg flugfélög sem reida sig eins mikið á millilandaflug og Ícelandair þannig að höggið fyrir félagið er auðvitað gríðarlegt.

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent



verulega löskuð,“ nefnir hann.

Sjálfur segist Steinn Logi bjartsýnn á að löngun fólks til að ferðast verði sterk að faraldurinum loknum. Flug sé ekki lengur „lúxus“ í huga almennings. Aftur á móti sé spurningin sú hvenær flug komist aftur í gang með eðlilegum hætti.

Mesta höggið í Evrópu

Samkvæmt spá alþjóðasamtaka flugfélaga munu áhrif kórónafaraldursins koma harðast niður á tekjum evrópskra flugfélaga en samtökin gera ráð fyrir að tekjur þeirra á seldu sætiskilómetra muni dragast saman um allt að 55 prósent í ár. Til samanburðar er gert ráð fyrir að tekjusamdráttur flugfélaga í Norður-Ameríku verði um 36 prósent.

Munurinn skýrist meðal annars af því að bandarísk flugfélög reida sig hlutfallslega meira en evrópsk félög á innanlandsflug en talið er vist að slíkar flugferðir – innan lands – muni hefjast nokkrum mánuðum áður en alþjóðaflug fer aftur í gang.

„Það eru ekki mörg flugfélög sem reida sig eins mikið á millilandaflug og Ícelandair þannig að höggið fyrir félagið er auðvitað gríðarlegt,“ segir Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, um stöðu íslenska flugfélagsins í samanburði við helstu keppinauta sína beggja vegna Atlantshafsins.

Snorri segir tap Ícelandair í mars – en alls tapaði flugfélagið um 31 milljarði króna á fyrstu þremur mánuðum ársins – „meira en mig hafði óráð fyrir.“

Ég hélt að eigið fé félagsins myndi duga í um eitt ár en nú – þegar viðskiptavild þess hefur verið færð niður að stærstum hluta – er útlit fyrir að það muni ekki duga nema í um hálf tveimur árum.

Það er ljóst að skjót viðbrögð forstjórans voru hárrétt og að stjórnendur félagsins þurfa að hafa hraðar hendur,“ nefnir hann.

Steinn Logi segir aðspurður að ef fram fari sem horfi og grundvallarbreytingar verði á rekstri fyrrnefndra „legacy-flugfélaga“ verði „ekki nokkur einasta leið að réttlæta lengur háan launakostnað félaganna“.

Það sama eigi við um Ícelandair, jafnvel þótt flugfélagið sé ekki dæmigert „legacy-félag“. Skoðað þurfi launamálin upp á nýtt.

Spá um fjögurra milljarða króna virðisrýrnun

Græinendur hagfræðideildar Landsbankans telja að virðisrýrnun útlána Arion banka geti numið allt að fjórum milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þeir segja þó að mikil óvissa sé um umfang virðisrýrnunarinnar, enda sé það háð mati bankans, og því komi það lítið á óvart effjárhæð hennar verði lægri eða hærrí.

Í nýlegri afkomuspá hagfræðideildarinnar, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er því spáð að afkoma Arion banka af áframhaldandi starfsemi fyrir skatta hafi verið á bilinu þrjú til fjórir milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi án virðisrýrnunar. Sérfræðingar deildarinnar taka þó fram að rétt eins og um mögulega virðisrýrnun útlána bankans ríki töluverð óvissa um afkomu grunnrekstrar hans.

Þeir telja að afkoman verði undir þrýstingi vegna lækkandi vaxta og þá sé óvissa um þóknunatekjur. Áhrifa kostnaðaraðgerða sem Arion banki greip til í lok síðasta árs hafi þó gætt að fullu á tímabilinu, auk þess sem lækkun á bankaskattinum skili sér í mögulega 400 til 500 milljóna króna kostnaðarlækkun frá fyrra ári.



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka

Fjórðungsuppgjör bankanna munu almennt litast af virðisbreytingum útlána, að mati hagfræðideildarinnar, en í stað beinna vanskila munu virðisbreytingarnar helgast af væntu tapi í framtíðinni og hækkun á framlagi í virðisrýrnunarsjóð.

Rakið er í umfjöllun hagfræðideildarinnar að svo virðist sem norrænir bankar hafi stigið varlega til jarðar í sínum uppgjörum fyrir fyrsta fjórðung, enda hafi virðisrýrnun útlána þeirra verið minni en margir fjárfestar hafi gert ráð fyrir.

Tekið er fram að lánabók Arion banka sýni að bankinn hafi þegar við síðustu áramót fært 19 prósent af fyrirtækjaútlánum í þrep 2, samkvæmt IFRS 9 uppgjörstaðlinum, samanborið við tíu prósent hjá Landsbankanum og fjögur prósent hjá Íslandsbanka.

Þá eigi frestun á lánagreiðslum ekki sjálfkrafa að leiða til færslu á milli þrepa eða hækkunar á væntu tapi. Matið sé í höndum bankanna sjálfra og því sé það erfiðleikum bundið að áætla umfang virðisrýrnunarinnar. – kj

Hagnaður hjá Póstinum eftir taprekstur undanfarinna ára

Pósturinn hagnaðist um 47 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Stöðugildum fækkaði um 15 prósent á milli ára. Áfram stefnt að fækkun starfsmanna. Greiddu niður 1,5 milljarða króna af vaxtaberandi skuldum. Forstjórinn segir gaman að sjá hvað gamalt flugmóðurskip eins og Pósturinn geti hreyft sig hratt.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Viðsnúningur varð á rekstri Póstsins á fyrsta ársfjórðungi. Ríkisfyrirtækið hagnaðist um 47 milljónir á fjórðungnum samanborið við 70 milljóna tap á sama tíma fyrir ári. Birgir Jónsson, forstjóri félagsins, segir að fram að því hafi það ekki verið rekið með hagnaði um nokkurra ára skeið.

Hann telur að hagnaður gæti orðið af rekstri Póstsins í ár. Samkvæmt planinu sem unnið er eftir hafi verið gert ráð fyrir því að fyrirtækið yrði rekið með tólf milljóna króna tapi á árinu eftir skatta. Miðað við hversu vel gangi sé líklegt að fyrirtækið verði rekið með hagnaði. „Það væri saga til næsta bæjar,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Birgir vekur athygli á að á fyrsta ársfjórðungi hafi reksturinn ekki notið góðs af erlendum póstsendingum. „Það var mikill samdráttur í erlendum sendingum og tekjum tengdum þeim á fyrsta ársfjórðungi. Viðsnúninginn má því ekki rekja til sendingargjalds á erlendum sendingum heldur er um að ræða gamaldags kostnaðaraðhald,“ segir Birgir.

Tekjur Póstsins drögust saman um þrjú prósent á milli ára og námu þær um 1,8 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi. Stöðugildum fækkaði um 15 prósent á milli ára í 597. Vaxtaberandi skuldir lækkðu um 900 milljónir á milli ára og námu 1,9 milljörðum króna.

Birgir tók við keflinu fyrir ári og segir að fyrirtækið hafi þá verið tæknilega gjaldþrota. „Það átti ekki fyrir launum,“ segir hann. Á þeim tíma hafi ríkið lagt Póstinum til auknið fé og niðurskurðarhnifurinn var mundaður.

„Á tólf mánaða tímabili fækkaði starfsfólki um 150 og við gátum því nýtt fjármunina frá ríkinu til að greiða niður skuldir. Þegar mest var voru vaxtaberandi skuldir 3,4 milljarðar króna því við vorum að ljúka framkvæmdum. Við höfum því greitt niður skuldir um 1,5 milljarða króna,“ segir Birgir.

Að hans sögn verður áfram unnið



Birgir segir að fram undan sé að sinna innri málum Póstsins, eins og sjálfvirknivæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

að hagræðingu í rekstri Póstsins og starfsfólki mun fækka frekar. „Reksturinn gengur betur en er langt frá því kominn á þann stað að við getum sagt: Þetta er orðið gott.“

Hann á von á því að vaxtaberandi skuldir verði 1,2 til 1,5 milljarðar við lok árs. Stefnt sé að því að selja tvær fasteignir sem ekki séu lengur í notkun og skuldir verði greiddar niður í kjölfarið.

Innlendar sendingar jukust um 30 prósent á milli ára á fyrsta ársfjórðungi sem rekja má til aukinnar netverslunar sem viðbragð neytenda og fyrirtækja við kórónaveirunni. Birgir segir að það hafi verið 80 prósent aukning í apríl, sem er fyrsti mánuður annars ársfjórðungs. Hann segir að sendingum hafi þó fækkað frá hápunktinum að undanförunu eftir því sem fleiri leyfa sér að fara að heiman og versla.

„Hver einasti dagur núna er eins og jólin. Það er gríðarlegt magn af sendingum,“ segir hann. „Íslendingar hafa verið frekar aftarlega

Þegar mest var voru vaxtaberandi skuldir 3,4 milljarðar króna því við vorum að ljúka framkvæmdum. Við höfum því greitt niður skuldir um 1,5 milljarða króna.

á merinni í netverslun. Ástandið sem skapaðist vegna COVID-19 hefur orðið til þess að fleiri hafa uppgötvað netverslun og ég tel að þegar fólk byrjar þá muni það ekki hætta,“ segir Birgir.

Að sögn Birgis er Pósturinn að bæta þjónustuna. Tvöfalda á fjölda afgreiðslustaða, það er pósthús og póstbox, á árinu í 120. Til dæmis verður hægt að sækja pakka til Skeljungs og fleiri samstarfsaðila. „Við erum að draga saman kostnað og stórauka þjónustuna.“

Þá hefur Pósturinn hafist handa við að dreifa matvælum og bætt

þjónustu við netverslanir með því að dreifa vörum líka á laugardegi. „Við erum í raun að bæta við sölu- degi fyrir netverslanir því það getur verið letjandi fyrir viðskiptavinum að þurfa að bíða eftir vörum,“ segir Birgir. „Nýlega höfum við sömu- leiðis að bjóða upp á afhendingu samdægurs í samstarfi við verslanir sem vilja bjóða upp á það.“

Hann segir að það sé gaman að sjá hvað gamalt flugmóðurskip eins og Pósturinn getur hreyft sig hratt. Næstu skref, eftir að hafa tekið til í rekstrinum og bætt þjónustuna, verði að taka á innri þáttum eins og sjálfvirknivæðingu og bæta ferla. „Starfsmenn þurfa enn að sinna mikilli vinnu, eins og innslætti, þegar pakkar koma að utan. Stóra verkefnið verður að bæta úr því á næstu tólf mánuðum,“ segir hann og nefnir að fyrirtækið hafi verið í alþjóðlegu samhengi aftarlega í þjónustu- og tæknimálum og geti því innleitt erlendar lausnir. „Við þurfum ekki að finna upp hjólið.“

VIÐ ERUM TIL STAÐAR FYRIR ÞIG

Nú þegar samkomubanni hefur verið aflétt að hluta eru margir að snúa aftur til starfa, hafðu samband við okkur til að tryggja að ykkur skorti ekki skrifstofuvörur þegar starfsemin fer á fullt skrið. Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstrar- og skrifstofuvörum. Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



Framúrskarandi
fyrirtæki



2018-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri
Váskjalablaðið Keldun




Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við aðlögum afgreiðslutíma verslana hratt og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Við uppfærum upplýsingar um afgreiðslutímaá byko.is og á samfélagsmiðlum.

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í nokkur afmörkuð svæði fyrir viðskiptavinum okkar. Hvert svæði hefur sérinnangang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 20 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.



Til hagræðingar styttir BYKO afgreiðslutímamann, sjá nánar á byko.is

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT **ALLA DAGA**
HEIM



Pantaðu fyrir **kl. 14:00** alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka enn hægt að

PANTA & SÆKJA í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suðurgöfl verslunar allt fram til 18:30 alla virka daga.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Minningasmiður leitar fjárfestinga

Svipmynd

Gunnar Páll Tryggvason

Nám:

B.Sc. í viðskiptafræði frá HÍ og MBA frá Wharton í Philadelphia.

Störf:

Einn stofnenda Alfa Framtaks og forvera þess, Icora Partners. Starfaði áður hjá Kaupþing Singer & Friedlander í London

Fjölskylduhagir:

Kvæntur þriggja barna faðir.

Gunnar Páll Tryggvason, framkvæmdastjóri Alfa Framtaks, rekur sjö milljarða framtakssjóð sem fjárfestir í íslenskum fyrirtækjum. Það á eftir að fjárfesta tæplega helming af fjárhæðinni. „Helsta verkefnið fram undan er að finna álitleg tækifæri fyrir sjóðinn í þessu efnahagsástandi,“ segir hann.

Hver eru þin helstu áhugamál?

Ég sá alltaf eftir því að hafa ekki æft körfubolta, en er að fá útrás fyrir það núna rúmlega fertugur. Ég stunda körfu yfir veturinn. Ég hef aðallega stundað golf á sumrin en hef verið að færast meira yfir í fjallahjólreiðar, aðallega svo ég sjái eiginkonu mína eitthvað yfir sumartímann. Síðan er engin helgi eða frí fullkomið án þess að ég nái að lesa eða hlusta á bækur. Loks má nefna að ég er í karlakórnum Esju sem er frábær félagsskapur.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Það sagði einhver að kosturinn við að vera í eigin rekstri væri að maður getur ráðið hvaða 12 tíma á dag maður vinnur. Annars elska ég viðfangsefni mín í vinnunni og hef ekki séð þörf fyrir að telja vinnutímana mína síðastliðin 10 ár. Vinnan flæðir því almennt vel saman við annað í mínu lífi. Ég elska að verja tíma með fjölskyldunni og hef fengið titilinn minningasmiður, enda skipulagt nokkrar eftirminnilegar ferðir okkar undanfarin ár. Eiginkona mín á þó mestan heiður af því jafnvægi sem við höfum í okkar fjölskyldulífi.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það eru svo margar bækur sem hafa haft áhrif á mig. En bókinn sem hafði einna mest áhrif á mig er Your Money or Your Life sem ég las fyrir ellefu árum síðan. Ég missti vinnuna í fjármálahruginu og hafði



Gunnar Páll segir að hann hafi fengið titilinn minningasmiður því hann skipuleggi eftirminnilegar ferðir með fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég hef aðallega stundað golf á sumrin en hef verið að færast meira yfir í fjallahjólreiðar, aðallega svo ég sjái eiginkonu mína eitthvað yfir sumartímann.

ekki lagt vel fyrir. Bókin hjálpaði mér að móta okkur fjölskyldunni sýn í persónulegum fjármálum. Annars hef ég brennandi áhuga á því hvernig einstaklingar, fyrirtæki og lönd ná árangri og les því mikið tengt því.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Að vera til staðar fyrir þau fyrirtæki sem við eigum í eignasafni okkar á þessum erfiðu tímum. Þau fyrirtæki eru Nox Health, Borgarplast, Málmsteypa Þorgríms Jónssonar og Greiðslumiðlun Íslands. Annars teljum við eignasafn okkar vera traust og fyrirtækin búa að frá-

berum stjórnendum og starfsfólki.

Hver eru helstu verkefni fram undan?

Við eigum ófjárfest tæplega helming af 7 milljarða framtakssjóði okkar sem fjárfestir í íslenskum fyrirtækjum. Helsta verkefnið fram undan er að finna álitleg tækifæri fyrir sjóðinn í þessu efnahagsástandi.

Hvar séðu þig eftir 10 ár?

Ég hef notið þess að vinna í fyrirtækjaráðgjöf og framtakssjóðum í 20 ár og býst við að verða enn að eftir 10 ár. Að starfa við kaup og sölu á fyrirtækjum er mjög gefandi því maður er oft að vinna með fólki á stórum stundum í lífi

þess. Sem dæmi voru Borgarplast og Málmsteypa Þorgríms búin að vera fjölskyldufyrirtæki í áratugi og sala þeirra til okkar var stórt skref í lífi allra þeirra einstaklinga.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ætli það væri ekki kennari. Samspil þess að vera sífellt að læra og miðla því sem maður hefur lært er mjög gefandi. Faðir minn Tryggvi Pálsson, sem hefur verið mér mikil fyrirmynd, kenndi lengi til hlíðar við aðalstörf sín sem bankamaður. Hann bjó meira að segja til nokkur orð sem enn eru notuð í dag, til dæmis sölutrygging og þjóðhagsvarúð. Mér finnst það dældið töff.

Mætum COVID-skellinum með innviðauppbyggingu



Ingólfur Bender aðalhafnirfræðingur Samtaka iðnaðarins

Avordögum er hefðbundið að störfum fjölgi í bygginga- og mannvirkjagerð og það dragi úr atvinnuleysi í greininni enda sumarið tími framkvæmda. Undanfarin ár hefur fjöldi atvinnulausra í greininni verið á þessum tíma um 200-300 manns og lækkandi. Nú er þróunin önnur. Atvinnuleysi í greininni er að aukast hratt. Í mars mældist atvinnuleysið í greininni 1.220 sem er margfaldur fjöldi þess sem sést hefur á þessum árstíma síðustu ár.

Bygginga- og mannvirkjagerð er stór grein í íslensku efnahagslífi. Hlutdeild greinarinnar í landsframleiðslu í fyrra var rúmlega 7% og á

vinnumarkaði var vægi greinarinnar í fyrra sömuleiðis 7%. Í janúar voru launþegar í greininni um 12.400 og hafði þeim þá fækkað um 1.000 frá janúar árinu áður, en niðursveifla var þá hafin í greininni líkt og í hagkerfinu öllu fyrir tíma COVID-19. Við þetta bætist að í greininni voru 1.638 komnir í minnkað starfshlutfall núna í apríl. Samanlagt er því nær einn af hverjum fimm starfsmönnum í greininni atvinnulaus eða á hlutabótum.

Mikill samdráttur í fjárfestingu

Verkefnastaðan í greininni hefur minnkað hratt undanfarið. Dregið hefur úr fjárfestingum atvinnuveganna samhliða þeim mikla samdrætti sem kominn er í hagkerfið. Veik staða fyrirtækja samhliða hrúni í eftirspurn hefur haft mikil áhrif á fjárfestingar þeirra en bygginga- og mannvirkjagerð hefur meðal annars verið í mikilli uppbyggingu fyrir ferðabjónustuna á síðustu árum. Einnig hefur dregið umtalsvert úr byggingu íbúðar-

húsnaðis og þá sérstaklega á fyrstu byggingarstígu. Má í því sambandi nefna að samkvæmt vortalningu Samtaka iðnaðarins á íbúðum í byggingu á höfuðborgarsvæðinu mældist 42% samdráttur á fyrstu byggingarstígu.

Heildarumfang fjárfestinga í hagkerfinu á síðasta ári í byggingum og mannvirkjum var um 536 milljarðar króna. Af því voru fjárfestingar atvinnuveganna um 267 milljarðar, fjárfestingar í íbúðarhúsnaði 167 milljarðar og hins opinbera 102 milljarðar. Þetta eru háar tölur og vægi þeirra í verðmætasköpun hagkerfisins mikið eða um 18% á síðastliðnu ári. Það er meðal annars vegna þessa mikla vægis sem samdráttur á þessu sviði hefur víðtæk áhrif á hagkerfið langt út fyrir raðir fyrirtækja í bygginga- og mannvirkjagerð.

Hið opinbera skapi mótvægi

Í þessu sambandi er jákvætt að ríki, sveitarfélög og opinber fyrirtæki hafa undanfarið boðað auknar inn-

Samkvæmt vortalningu SI á íbúðum í byggingu á höfuðborgarsvæðinu mældist 42% samdráttur á fyrstu byggingarstígu.

viðframkvæmdir af ýmsum toga til að skapa hagkerfinu viðspyrnu á þessum tímum vaxandi atvinnuleysis og samdráttar í efnahagslífinu. Auk þess hafa þau boðað aðgerðir sem gætu örvað fjárfestingu einkaaðila. Í heild er áætlað að umfangið gæti verið um 50 milljarðar og eiga auknar innviðaframkvæmdir opinberra aðila að mestu að falla til á þessu ári. Um er að ræða verkefni sem skapa mótvægi við niðursveifluna í bygginga- og mannvirkjagerð og stemmir þannig stígu við þeirri alvarlegu þróun aukins atvinnuleysis og samdráttar sem hafinn er í hagkerfinu öllu. Þróun samdráttar

ins er hröð og því mikilvægt að loforðum fylgi skjótar efndir í aðgerðum stjórnvalda sem geta spornað gegn þeirri óheillapróun. Í ljósi líklegs umfangs samdráttarins er þörf á frekari aðgerðum á þessu sviði.

Sköpum störf og verðmæti

Á sviði innviða er mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingaþörf. Viðhaldsþörfin var metin um 372 milljarðar á þessu sviði í skýrslu sem SI og Félag ráðgjafarverkfræðinga vann árið 2017. Nú er tækifærið til að vinna á þessari þörf. Með því eru bæði sköpuð störf og verðmæti til mótvægis við niðursveifluna í hagkerfinu og í leiðinni byggðir upp innviðir sem eru nauðsynlegir fyrir kröftuga viðspyrnu og verðmætasköpun hagkerfisins lítið til lengri tíma. Með því að mæta COVID-skellinum með fjárfestingum í innviðum er fjárfest í hagvexti framtíðarinnar á sama tíma og sköpuð er nauðsynleg viðspyrna á fordæmalausum tímum í íslensku hagkerfi.



Laxeldi við fiskibæinn Reine í eyjaklasanum Lófót í norðvesturhluta Noregs. Þar um slóðir hefur laxeldi verið stundað í sjókvíum um áratugabil, og er laxeldið einn af mættarstólþum norsks atvinnulífs. MYND/GETTY IMAGES

Um norsk ævintýri

Bók Kjersti Sandvik um „laxeldisævintýrið“ í Noregi, þróun, nýsköpun og áhættusamar fjárfestingar, er þarft innlegg í íslenska umræðu.

Bókin „Undir yfirborðinu – Norska laxeldisævintýrið- Lærdómur fyrir Íslendinga?“ eftir norsku blaðakonuna Kjersti Sandvik, er komin út í þýðingu Magnúsar Þórs Hafsteinssonar.

Sandvik er blaðamaður hjá sjávarútvegsblaðinu Fiskeribladet (áður Fiskaren) og hefur fjallað um fiskeldismál í aldarfjórðung. Hún var samstarfsmaður Magnúsar Þórs blaðamanns á Fiskaren 1996-2000.

Bókin var gefin út í Noregi árið 2016 en var endurskoðuð og uppfærð af höfundu fyrir íslensku útgáfunna. Mikilvægur hluti bókarinnar er vandaður þáttur Magnúsar Þórs í eftirmála og aftanmálgreinar til skýringar fyrir íslenska lesendur. Magnús er menntaður í fiskeldis- og fiskifræði frá norskum háskólum.



Þólitik, ofsagróði og brask

Bókin er sögulýsing á „laxeldisævintýrinu“ í Noregi, þróun, nýsköpun og áhættusömum fjárfestingum. Laxeldi hefur verið stundað í sjókvíum við Noreg í áratugi. Það er einn mættarstólþa norsks atvinnulífs. Frá 1987 til 2018 ríflega tvöfaldaðist starfsmannafjöldinn. Laxaframleiðsla jókst 28 falt. Nú er hún nær 1,3 milljónir tonna á ári.

Höfundur er margorður um ofsagróða sumra eldisfyrirtækja. Lesandi fær það jafnvel á tilfinninguna að sá hagnaður hafi verið óheppilegur. Þessi áhersla er ljóður á bókinni. Væri þetta sama „ævintýrið“ ef ekki hefði gengið vel og skilað miklu? Sjálf tekur Sandvik ágætt dæmi af sveitarfélagi í Norður-Noregi sem stóð í mikilli varnarbaráttu fyrir daga laxeldisins en bjargaðist fyrir tilstilli þess.

Stefnuleysi stjórnvalda

Sandvik segir að þátttaka norskra stjórnvalda í eldinu hafi í upphafi einkennst af stefnuleysi. Fyrst hafi þau deilt út ókeypis eldisleyfum en það hafi tekið miklum breytingum. Rými fyrir eldi er takmörkuð auðlind og nauðsynlegt að setja þak á fjölda leyfa. Fyrir tekjur af sölu

» Ólíkt Íslandi eru eldisleyfi boðin upp í Noregi, enda takmörkuð auðlind. Tekjur af sölu leyfa renna í sérstakan Sjávareldissjóð. 80 prósent hans renna til fiskeldissveitarfélaga og 20 prósent til ríkisins.

þeirra hafa norsk stjórnvöld sett á stofn Sjávareldissjóð. Þangað renna fjármunir sem fiskeldisfyrirtækin greiða fyrir stækkun innan núverandi leyfakorfis auk sölu nýrra leyfa sem lúta uppboðskerfi. Ákveðið var að 80 prósent rygnu til fiskeldissveitarfélaga og 20 prósent til ríkisins.

Sandvik segir laxeldið hafa mikil ítök í norskum stjórnvaldaheimi og verður tíðrætt um ýmsa spillingu og brask með eldisleyfi. Hagsmunagæsla af ýmsu tagi nær

upp í efstu lög norskrar stjórnslu og stjórnvalda. Braskið er efalítið raunverulegt en spillingarmyndin sem höfundur dregur upp er ekki sannfærandi.

Höfundu tekst betur upp þegar hún lýsir því hvernig atvinnugreinin brást við gagnrýni og lék fórnarlamb í stað eðlilegrar sjálfskoðunar.

Umhverfisvandinn

Sandvik segir að eldi í opnum netkvíum sé fullreynt í Noregi. Það eru netpókar í sjó sem hanga í eins konar ramma. Þær kvíar gangi ekki til framtíðar vegna þess mikla umhverfisvanda sem þær skapi. Villtir laxastofnar Noregs urðu fyrir skakkaföllum þegar eldislax slapp úr kvíum og blandaðist villtum laxi. Þessi slyss, mikið af laxalús og laxaúrgangi, auk erfiðra sjúkdóma í eldisfiski, kalli á nýjar lausnir, svo sem lokaðar kvíar í sjó. Eitt fyrirtæki í Eyjafirði á vegum norskra aðila er að vinna með slíka lausn. Að því ég best veit hefur erfðablöndun ekki fundist hér á landi.

En þrátt fyrir eldmóðinn skynja lesendur vönduð vinnubrögð þar sem reynt er að gæta óhlutrægni.

Leiðsögn fyrir Ísland

Frekara eldi verður ekki leyft við stendur Noregs því náttúran er talin við þolmörk. Það er ein ástæða þess að norsk eldisfyrirtæki hasla sér nú völl í íslenskum fjórðum. Sömu eldisaðferðum er að mestu beitt með fisk af norsku kyni. Þau líffræðilegu og vistfræðilegu vanda máli sem upp hafa komið í Noregi gætu orðið til ama hér.

Þetta norska eignarhald hefur stundum verið ranglega gagnrýnt. Fremur ætti að fagna því að hingað berist mikilvæg þekking og áhættufjármagn. Jafnframt er þó mikilvægt að skilja hvað hefur vel eða illa tekist á þeirra heimavelli. Þannig forðumst við endurtekningu þess sem úrskæiðs fór í Noregi og víðar. Þessi bók er því þarft innlegg í íslenska stefnumótun og sýn.

david@frettabladid.is

FRÍTT KAKÓ OG KAFFI Í EINUM GRÆNUM



Renndu við í næstu verslun okkar og gríptu með þér rjúkandi bolla af kakó eða kaffi í okkar boði.

Hlökkum til að sjá þig.



Skotsilfur



Lítill hópur

Smásölurinn Festi, sem **Eggert Þór Kristófersson** stýrir, breytti nýlega um stefnu í samskiptum sínum við fjárfesta. Félagið, sem hafði birt uppgjör sín á íslensku eins og flest önnur félög í Kauphöllinni, ákvað að birta bæði uppgjörð fyrir fyrsta ársfjórðung og fjárfestakynninguna á ensku. Meira að segja ávarp forstjórans var á enskri tungu. Þessi misserin er fátt um erlenda fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði og engan er að finna á listanum yfir 20 stærstu hluthafa Festar. Eflaust tekur aðeins lengri tíma fyrir Festi að útbúa uppgjör á ensku og aðeins lengri tíma fyrir langflesta fjárfesta að skilja það eins vel og ef það væri á íslensku. En hver er ávinningurinn?



Samhengið

Bláamenn kannast flestir við það að þurfa að breyta fyrirsögn netfréttar eftir að hún hefur verið birt. Stundum er tilfellið þannig að fyrirsögnin er rétt, tæknilega séð, en blaðamaðurinn bætir við samhengi til að gefa skýrari mynd af inntakinu. Sjaldgæfara er að sjá skráð félag breyta fyrirsögn uppgjörs en það gerði Icelandir, sem **Bogi Nils Bogason** stýrir, í fyrradag. Tölf mínútum eftir birtingu á enskri útgáfu uppgjörsins var send önnur tilkynning um sama uppgjör en fyrirsögninni hafði verið breytt úr „Töluverð bæting í EBIT á fyrstu tveimur mánuðum ársins“ yfir í „COVID-19 skyggir á rekstrarbata fyrstu tveggja mánaða ársins“. Báðar fyrirsagnir eru réttar en sú seinni setur hlutina í samhengi.




Til Júpíters

Guðmundur Björnsson, sem hefur starfað sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og áhættustýringar GAMMA Capital Management undanfarin tólf ár, hefur gengið til liðs við Júpíter þar sem hann gegnir starfi forstöðumanns áhættustýringar. Hann hóf störf hjá sjóðastýringarfélaginu í byrjun mánaðarins.



Helmingsamdráttur í sölu nýrra bíla



Nýir Subaru-bílar standa óhreyfðir á bílasölu í borginni Richmond í Kaliforníuríki. Sala á nýjum bílum dróst saman um meira en helming í Bandaríkjunum í síðasta mánuði vegna kórónaveirufaraldursins og hefur ekki verið eins litil í einum mánuði í nokkur ár, að sögn greinenda. Þarlendir bílasalar segjast þó vera bjartsýnir á að salan taki aftur við sér á næstu mánuðum eftir því sem létt verður á samgöngutakmörkunum. MYND/GETTY

Verðhjöðnun og vextir vegast á



Agnar Tómas Möller
forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter

Þótt bandaríski seðlabankinn hafi ekki fetað í fótspor evrópskra kollega sinni á vaxtaákvörðunarfundi sínum í lok apríl með því að færa stýrivexti niður fyrir núllið, voru skilaboð peningastefnufndar bankans skýr: „Nefndin reiknar með að halda vöxtum við markmið (á bilinu 0 til 0,25%) þar til hún er viss um að efnahagslífið hefur komist í gegnum nýliðna atburði og full atvinna og verðstöðugleiki er í sjónmáli.“ Auk þess hefur bankinn rætt hvort hann þurfi að vinna upp umtalsvert undirskot frá verðbólgu markmiði sínu (2%) frá árinu 2012 áður en verðbólga teljist „yfir markmiði“ en í það minnsta er nokkuð ljóst að mikið þarf að koma til áður en vextir beggja vegna Atlantshafsins taka að risa á ný.

Frá áramótum hefur hrun í eftir-

spurn og stóraukið atvinnuleysi leitt til þess að verð hrávara hefur fallið um 36% og olíuverð um 63%. Í Bandaríkjunum hafa verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði til næstu 5 ára fallið úr 1,7% í 0,7% frá því í lok mars og í raun má segja svipaða sögu á Íslandi – þrátt fyrir 14% veikingu krónunnar frá áramótum hafa verðbólguvæntingar til 5 ára fallið úr 2,4% í 2,0%.

Eftir því sem seðlabanki Bandaríkjanna hefur jafnt og þétt auknið peningalegar aðgerðir sínar með meiri og hraðari stækkun efnahagsreiknings síns og víðtækari skuldabréfakaupum en flestir höfðu átt von á, hafa væntingar um aukna verðbólgu í framtíðinni farið hækkanði undanfarið, úr um 0,8% í lok mars í um 1,5% nú, miðað við verðbólgu í 5 ár að 5 árum liðnum. Fróðlegt verður að fylgjast með þeirri þróun eftir því sem aðgerðum seðlabanka heimsins vindur fram því hófleg hækkan væntinga um framtíðarverðbólgu gæti verið jákvæð fyrir fjármálakerfið (vegna upphallandi vaxtakúrfu) en of hárs verðbólguvæntingar gætu hins vegar orðið að áhyggjuþefni þótt þar sé mjög langt í land í dag.

Hér á landi hefur reynsla af mikilli verðbólgu verið það slæm að nú þegar verðbólguvæntingar eru

umtalsvert undir verðbólgu markmiði til lengri og skemmri tíma, heyrast kröfur um að aftengja hana, til vonar og vara. Hættan er að í núverandi ástandi geti lág verðbólga og jafnvel verðhjöðnun verið eittraður kokteill. Í nýjasta fréttabréfi hins farsæla skuldabréfahúss Hoisington Management eru færð rök fyrir því að til skemmri tíma geti verðbólga (svokallaður „PCE“ mælikvarði sem miðast við neyslu almennings) í Bandaríkjunum mælst mjög neikvæð eða allt að -4%. Í ljósi þess að bandaríski seðlabankinn hefur lýst því yfir að vextir þar yrðu ekki neikvæðir, myndi slík verðhjöðnun ýta raunvaxtastiginu í Bandaríkjunum verulega upp.

Hagkerfi heims glíma í dag við margvislegan vanda. Fyrirtæki eru víða of skuldsett á sama tíma og þyngsta höggid vegna COVID-krisunnar kemur fram í tíma-bundnu hrúni í eftirspurn og þar með tekjum sem leiðir til þess að afborganir af skuldum verða erfiðari á meðan hið versta gengur yfir. Seðlabankar reyna að létta undir með því að stórauka seljanleika á mörkuðum en þeir geta ekki með góðu móti parað saman lánveitendur og lántaka nema lánveitandi hafi trú á að lántaki geti greitt til baka skuldir sínar.

Margir hafa bent á að gríðarleg skuldsetning í dollurum utan bandaríska hagkerfisins, nú um 13 trilljónir dollara, sé þúðurtunna sem verðhjöðnun gæti kveikt í. Þótt seðlabankinn í Bandaríkjunum hafi veitt erlendum starfsbræðrum sínum nær ótakmarkaðar lausafjár-línur í dollurum er ekki víst að þær skili sér áfram til einkaaðila. Ef það verður raunin gæti eftirspurn eftir dollar til að greiða af skuldum, samhliða hlutfallslega háum raunvöxtum, hleypt verði hans enn frekar upp og auknið þannig greiðsluferðleika margra sem skulda í dollurum utan Bandaríkjanna.

Hvernig sem baráttan mun ganga við að kveða niður heimsfaraldurinn er ljóst að vaxtastig í heiminum verður í lægstu lægðum í langan tíma þar sem áhrif efnahagssamdráttarins og þeirra aðgerða sem gripid hefur verið til af ríkjum og seðlabönkum munu vara lengi. Við þessar aðstæður virkar krónan ákaflega vel sem sveiflujafnari með því að auka samkeppnishæfni útflutningsgreina en ekki síður með því að veita peningastefnunni svigrúm til neikvæðra raunvaxta á meðan heimili og fyrirtæki ná kröftum sínum á ný. Það gæti þótt ófundsvæð staða á næstu misserum.

Fyrsta bylgjan lendir á utanríkisverslun

RÁÐDEILDIN

Konráð
Guðjónsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs




Hvert mannsbarn á Íslandi veit að erlendir ferðamenn eru farnir og um þriðjungur gjaldyrstekna landsins er horfinn. En hvað með áhrif Kófsins á önnur utanríkisviðskipti? Á mánuðaginn fengum við innsýn í fyrstu áhrif á vöruskiptin þegar Hagstofan birti bráðabirgðatölur.

Meðfylgjandi mynd, sem er unnin úr þeim gögnum, er ekki sérlega glæsileg og sýnir breytinguna eftir að samkomu- og ferðabönn skulu á. Veruleg lækkan varð milli ára í öllum liðum hvort sem horft er til útflutnings eða innflutnings. Þó að áhrif á ferðabjónustugreinar séu mest og áþreifanlegast sýnir þetta að áhrifin koma fram víðar. Samanlagt dróst útflutningur saman um 17% og innflutningur um 28% á föstu gengi. Þannig minnkaði vöruskiptahallinn um tæpa 14 milljarða króna, sem vegur á móti algjöru hrúni í gjaldyrstekjum afferðabjónustu.

Rétt er að nefna að bæði inn-

Vöruskipti við útlönd 16. mars til 26. apríl Milljarðar króna á föstu gengi



» Vikuna 19. til 26. apríl var innflutningur meðal annars aðeins þremur prósentum minni en í sömu viku 2019.

Útflutningur tók við sér þegar leið á apríl. Vikuna 19.-26. apríl var innflutningur til að mynda einungis 3% minni en sömu viku 2019. Raunverulegur viðsnúningur eða sviklaginn? Tíminn mun leiða svarið í ljós.



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmana.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík 588
8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Samfylkingin

Þingmenn Samfylkingarinnar eiga erfitt uppdráttar í kórónafaraldrinum. Tilraunir þeirra til að setja mark sitt á umræðuna hafa misst marks. Það er erfitt fyrir þingmenn í minnihluta að vera aðsópsmiklir í umræðunni þegar það ríkir neyðarástand og athyglin beinist annað. Af þeim sökum verða atlögunar að vera úthugsáðar. Þingmenn í stjórnarandstöðu hafa færri færi en venjulega og það er mikið undir fyrir samfélagið. Þess vegna er líklegt að slæmar hugmyndir verði rök-ræddar opinberlega.

Ágúst Ólafur Ágústsson sagði fyrir skemmstu að bregðast ætti við vanda vegna kórónaveirunnar með því að hið opinbera myndi að ráða til sín fleiri starfsmenn. Tvennt var við þann málflutning að athuga: Annars vegar að starfsfólk einkageirans, sem fer hratt fækkandi, ber þann kostnað. Hins vegar vísaði þingmaðurinn til hagfræðingsins John Maynard Keynes. Þekktasta skoðun hans var að ríkið ætti að fjárfesta í kreppu. Það eru tímabundin útgjöld en að ráða fleiri opinbera starfsmenn kallar á viðvarandi útþenslu hins opinbera.

Skömmu seinni velti Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, upp þeim möguleika á Alþingi að ríkið myndi eignast hlut í Icelandair í ljósi þess að félagið væri að nýta úrræði stjórnvalda, eins og hlutastarfaleið og að ríkið greiði bróðurpart uppsagnarfrests starfsmanna. Honum telst til að flugfélagið fengi líklega sjö milljarða króna vegna úrræðanna.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra benti á í ræðustól Alþingis að af hugmyndum Loga leiddi að ríkið myndi handvelja hvaða fyrirtæki það hefði hug á að eignast. Það var skynsamlegt svar enda hafði Logi ekki hugsað útsplið til enda. Fjárhæðin sem Logi nefndi er feykilega há og mögulega blindaði það honum sýn.

Það liggur ljóst fyrir að sömu reglur þurfa að gilda fyrir alla í björgunaraðgerðunum. Við þessar aðstæður er auk þess hættulegt að ríkið taki til sín bróðurpart atvinnulífsins í fangið. Sagan ber því glöggt vitni. Í ljósi þess að fylgi vinstri manna hefur víða farið vaxandi á undanförunum árum vekur athygli að hugmyndir um að ríkið eignist myndarlegan skerf af atvinnulífinu hafa ekki verið fyrirferðarmiklar.

Það að ríkið bjóði fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir tekjufalli upp á hlutastarfaleidina í einhverja mánuði og greiði uppsagnarfrest starfsmanna er að mörgu leyti hófleg aðgerð við þessar aðstæður í þeirri von að koma í veg fyrir gjaldþrot þorra fyrirtækja landsins. Ríkið hefði hvort eð er þurft að hafa starfsmenn gjaldþrota fyrirtækja á framfæri.

Tryggvi formaður Icelandair Hotels

Tryggvi Þór Herbertsson, eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Taurus og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur tekið við stjórnarformennsku í Icelandair Hotels í kjölfar kaupa malasíska félagsins Berjaya Land Berhad á 75 prósentu hlut í hótélkeðjunni. Tryggvi Þór var helsti ráðgjafi Berjaya í viðskiptunum.

Aðrir í stjórn Icelandair Hotels, en kosið var í stjórn á hluthafafundi í síðasta mánuði, eru



Tryggvi Þór Herbertsson.

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandair Group, sem á fjórðungshlut, og Foo Toon Kee, framkvæmdastjóri rekstrar Berjaya Hotels & Resorts.

Gengið var frá kaupum Berjaya, sem var stofnað af milljarðamæringnum Vincent Tan, á 75 prósentu hlut í Icelandair Hotels í síðasta mánaði eftir að félagið náði samkomulagi við Icelandair um að lækka lokagreiðslu um 1,4 milljarða vegna kórónaveirunnar. – KÍJ

05.05.2020

Það er ákveðið kraftaverk að lífskjarasamningarnir skuli enn halda og að við séum enn að gera samninga sem taki mið af þeim.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja-skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar